

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/1513

frá 9. september 2015

### um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og díseildsneytis og um breytingu á tilskipun 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 192. gr. (1. mgr.) og 114. gr. í tengslum við 1. gr. (3. til 13. mgr.) og 2. gr. (5. til 7. mgr.) þessarar tilskipunar,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB <sup>(3)</sup> skal hvert aðildarríki tryggja að hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í öllum tegundum flutninga sé a.m.k. 10% af endanlegri notkun orku í flutningum í því aðildarríki árið 2020. Blöndun með lífeldsneyti er ein þeirra aðferða sem aðildarríki geta notað til að ná þessu markmiði og sú sem er búist við að eigi stærsta þáttinn í því. Í tilskipun 2009/28/EB er einnig lögð áhersla á þörfina á orkunýtni í flutningageiranum sem er áriðandi því líklegt er að það verði sífellt erfiðara að ná bindandi markmiði um hlutfall orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum með sjálfbærum hætti ef heildareftirspurn eftir orku innan flutningageirans heldur áfram að aukast. Af þeim sökum og þar eð orkunýtni er einnig mikilvæg til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eru aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hvött til að veita ítarlegri upplýsingar um ráðstafanir varðandi orkunýtni í flutningageiranum í skýrslunum sem þau eiga að leggja fram í samræmi við IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB <sup>(4)</sup> og aðra löggjöf Sambandsins sem varðar stuðning við orkunýtni í flutningageiranum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 198, 10.7.2013, bls. 56.

<sup>(2)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 11. september 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 9. desember 2014 (Stjtið. ESB C 50, 12.2.2015, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 28. apríl 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 13. júlí 2015.

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtið. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

- 2) Með tilliti til markmiða Sambandsins um að draga frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda, og þess hversu stór þáttur í þeirri losun er eldsneyti vegna flutninga á vegum, skulu aðildarríkin, skv. 2. mgr. 7. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB<sup>(5)</sup>, krefjast þess að eldsneytis- eða orkubirgjar dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu eldsneytis sem notað er í Sambandinu fyrir ökutæki, færanlegan vélbúnað til nota utan vega, dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt og skemmtibáta þegar þeir eru ekki á sjó, um a.m.k. 6% fyrir 31. desember 2020. Blöndun með lífoldsneyti er ein þeirra aðferða sem jarðfnaeldsneytisbirgjar geta notað til að draga úr styrk gróðurhúsalofttegunda úr jarðfnaeldsneyti sem afhent er.
- 3) Í tilskipun 2009/28/EB eru settar fram viðmiðanir um sjálfbærni sem lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti þurfa að uppfylla til að hægt sé að taka þau með í útreikningana vegna markmiðanna í tilskipuninni og þau séu hæf til að fella þau inn í opinber stuðningskerfi. Viðmiðanirnar fela í sér kröfur varðandi lágmarksminnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti þurfa að uppfylla samanborið við jarðfnaeldsneyti. Í tilskipun 98/70/EB eru settar fram sömu viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífoldsneyti.
- 4) Ef beiti- eða landbúnaðarland, sem var áður ætlað fyrir matvæla- og fóðurframleiðslumarkaðinn, er tekið til framleiðslu á lífoldsneyti þarf samt sem áður að uppfylla eftirspurn eftir öðrum afurðum en eldsneyti, annaðhvort með því að auka yfirstandandi framleiðslu eða með því að taka land, sem er ekki ætlað til landbúnaðar, í notkun fyrir framleiðslu annars staðar. Síðara tilvikið telst vera óbein breyting á landnýtingu og þegar hún felur í sér breytingu á landi þar sem eru miklar kolefnisbirgðir getur það leitt til verulegrar losunar gróðurhúsalofttegunda. Því ætti að breyta tilskipunum 98/70/EB og 2009/28/EB þannig að þær innihaldi ákvæði sem taka til áhrifa af óbeinum breytingum á landnýtingu í ljósi þess að sem stendur er lífoldsneyti aðallega framleitt úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á landi sem nú er landbúnaðarland. Í þessum ákvæðum ætti að taka tilhlýðilegt tillit til þeirrar þarfar að vernda fjárfestingar sem þegar hafa verið gerðar.
- 5) Á grundvelli spáa um eftirspurn eftir lífoldsneyti, sem aðildarríkin leggja fram, og mats á losun vegna óbeinna breytinga á landnýtingu fyrir mismunandi lífoldsneytishráefni er líklegt að losun gróðurhúsalofttegunda, sem tengist óbeinum breytingum á landnýtingu, sé veruleg og gæti ónýtt hluta af eða alla minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna einstakra tegunda lífoldsneytis. Þetta stafar af því að búist er við að svo til öll lífoldsneytisframleiðsla árið 2020 verði úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á landi sem hægt væri að nota til að uppfylla eftirspurn á mörkuðum fyrir matvæli og fóður. Til að draga úr slíkri losun þykir rétt að greina á milli nytjaplöntuhópa, s.s. olíujurta, sykurs og korns og annarra sterkjurikra nytjaplantna til samræmis við það. Ennfremur er nauðsynlegt að hvetja til rannsókna og þróunar á nýju þróuðu lífoldsneyti sem er ekki í samkeppni við nytjaplöntur til matar og til að rannsaka enn frekar áhrif mismunandi nytjaplöntuhópa á bæði beinar og óbeinar breytingar á landnýtingu.
- 6) Með það fyrir augum að forðast að hvetja til meðvitaðrar framleiðsluaukningar á leifum frá vinnslu á kostnað meginafurðarinnar ætti í skilgreiningu á leif frá vinnslu að undanskilja leifar sem verða til við framleiðsluferli sem hefur verið breytt af ásettu ráði í því skyni.
- 7) Líklegt er að gerð verði krafa um endurnýjanlegt fljótandi eldsneyti í flutningageiranum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þróuð lífoldsneyti, s.s. þau sem eru framleidd úr úrgangi og þörungum, gera það kleift að minnka losun gróðurhúsalofttegunda verulega með lítilli áhættu á að valda óbeinum breytingum á landnýtingu og eru ekki í beinni samkeppni við fóður- og matvælamarkaði um landbúnaðarland. Því þykir rétt að hvetja til frekari rannsókna, þróunar og framleiðslu á slíku þróuðu lífoldsneyti þar eð það er sem stendur ekki tiltækt á markaði í miklu magni, að hluta til vegna samkeppni um opinberar niðurgreiðslur við gróna lífoldsneytistöknir sem byggist á nytjaplöntum til matar.
- 8) Æskilegt væri að þegar á árinu 2020 hefði náðst umtalsvert meiri notkun á þróuðu lífoldsneyti í Sambandinu en sem svarar til núverandi áfangamarkmiða. Hvert aðildarríki ætti að auka notkun á þróuðu lífoldsneyti og leitast við að ná fram lágmarksnotkun á þróuðu lífoldsneyti á yfirráðasvæði sínu með því að setja landsbundið markmið, sem er ekki lagalega bindandi, sem aðildarríkið leitast við að ná sem hluta af þeirri skuldbindingu að tryggja að hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í öllum tegundum flutninga

<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og díseleldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE (Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58).

sé a.m.k. 10% af endanlegri notkun orku í flutningum í því aðildarríki árið 2020. Ef aðildarríkin hafa gert áætlanir til að ná landsbundnum markmiðum sínum ætti að birta áætlanirnar til að auka gagnsæi og fyrirsjáanleika fyrir markaðinn.

- 9) Þegar aðildarríkin fastsetja landsbundin markmið sín er einnig við hæfi að þau gefi framkvæmdastjórninni skýrslu um umfang notkunar á þróðuð lífoldsneyti á yfirráðasvæði þeirra, og árangur þeirra við að ná slíkum landsbundnum markmiðum árið 2020 sem birta ætti samantektarskýrslu um, í því skyni að meta skilvirkni ráðstafananna, sem eru innleiddar með þessari tilskipun, við að draga úr áhættu á losun gróðurhúsalofttegunda vegna óbeinna breytinga á landnýtingu sem stafar af stuðningi við þróað lífoldsneyti. Búist er við að þróuð lífoldsneyti, sem hafa lítil áhrif á óbeinar breytingar á landnýtingu og hafa í för með sér mikla minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda í heild sinni, og stuðningur við þau haldi áfram að gegna mikilvægu hlutverki við að minnka kolefnislosun á sviði flutninga og við þróun flutningatækni sem losar lítið af kolefni eftir árið 2020.
- 10) Í niðurstöðum sínum frá 23. og 24. október 2014 lagði leiðtoga ráðið áherslu á mikilvægi þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og áhættum sem tengjast jarðefnaeldsneytiþörf flutningageirans innan loftslags- og orkurammans fram til ársins 2030 og hvatti framkvæmdastjórnina til að kanna enn frekar gerninga og ráðstafanir m.t.t. heildstæðrar og tæknilega hlutlausrar nálgunar sem stuðlar að minni losun og orkunýtni í flutningum, rafknúnum flutningum og endurnýjanlegum orkugjöfum í flutningum, einnig eftir árið 2020.
- 11) Einnig er mikilvægt að vegvísirinn fyrir orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum fyrir tímabilið eftir árið 2020, sem framkvæmdastjórnin á að leggja fram á árinu 2018 í samræmi við 9. mgr. 23. gr. tilskipunar 2009/28/EB, þ.m.t. fyrir flutningageirann, sé þróaður sem hluti af viðtækari tækni- og nýsköpunaráætlun Sambandsins í tengslum við orku og loftslag sem skal þróa í samræmi við niðurstöður leiðtoga ráðsins frá 20. mars 2015. Því þykir rétt að endurskoða tímanlega árangurinn af hvötum þróunar og nýtingar þróaðrar lífoldsneytistækni til að tryggja að fullt tillit sé tekið til niðurstaðnanna úr þeirri endurskoðun við þróun vegvísisins eftir árið 2020.
- 12) Munur á áætlunum á losun vegna óbeinna breytinga á landnýtingu stafar af mismunandi gagnaílafi og lykilorðum um þróun í landbúnaði, s.s. þróun afraksturs og framleiðni í landbúnaði, úthlutun til aukaafurða og merkjanlegar hnattrænar breytingar á landnýtingu og hraða skógeyðingar og lífoldsneytisframleiðendur hafa ekki stjórn á. Hráefni í lífoldsneyti eru að mestu framleidd í Sambandinu en þó er búist við að áætluð losun sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu eigi sér að mestu leyti stað utan Sambandsins, á svæðum þar sem líklegt er að viðbótarframleiðslu sé komið í framkvæmd með lægstum kostnaði. Einkum hafa forsendur að því er varðar breytingar á hitabeltisskógum og framræslu mólendis utan Sambandsins mikil áhrif á þá áætluðu losun vegna óbeinna breytinga á landnýtingu sem fylgir framleiðslu lífdísilólíu úr olíujurtum og þess vegna er mikilvægast að tryggja að slík gögn og forsendur séu endurskoðuð í samræmi við nýjustu fyrirliggjandi upplýsingar um breytingar á landi og skógeyðingu, þ.m.t. að telja með allar framfarir sem orðið hafa á þessum sviðum með yfirstandandi alþjóðlegum áætlunum. Því ætti framkvæmdastjórnin að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem hún fer yfir, á grundvelli bestu tiltæku vísindabekkingar, skilvirkni ráðstafana sem eru innleiddar með þessari tilskipun til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda, sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu, í tengslum við framleiðslu á lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti og endurskoðar möguleika á að innleiða stuðla fyrir aðlagð mat á losun sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu í viðeigandi viðmiðanir um sjálfbærni um sjálfbærni.
- 13) Til að tryggja langtímasamkeppnishæfni lífgrundaðrar iðnaðarstarfsemi, og í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 13. febrúar 2012 sem ber heitið Nýsköpun til sjálfbærs vaxtar: lífhagkerfi fyrir Evrópu (Innovating for Sustainable growth: A Bioeconomy for Europe) og orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 20. september 2011 sem ber heitið Vegvísir að auðlindanýtinu Evrópu (Roadmap to a Resource Efficient Europe), til stuðnings samþættum og fjölbreyttum hreinsistöðvum fyrir lífoldsneyti í allri Evrópu, ætti að fastsetja aukna hvata samkvæmt tilskipun 2009/28/EB með þeim hætti að notkun hráefna úr lífmassa sem hefur ekki efnahagslegt gildi til annarrar notkunar en í lífoldsneyti sé tekin fram yfir aðra notkun.
- 14) Frekari notkun á rafmagni frá endurnýjanlegum orkugjöfum er leið til að takast á við margar áskoranir í flutningageiranum, sem og í öðrum orkugeirum. Því er rétt að veita viðbótarhvata til að örva notkun á rafmagni frá endurnýjanlegum orkugjöfum í flutningageiranum og hækka margföldunarstuðla vegna útreiknings á framlagi af rafmagni frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem

notað er í rafknúnum járnbrautarflutningum og rafknúnum ökutækjum, til þess að auka útbreiðslu þess og markaðssókn. Auk þess þykir rétt að taka til athugunar frekari ráðstafanir til að hvetja til orkunýtni og orkusparnaðar í flutningageiranum.

- 15) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB<sup>(6)</sup> stuðlar að því að færa Sambandið nær því að verða „endurvinnslusamfélag“ með því að leitast við að komast hjá myndun úrgangs og nota úrgang sem auðlind. Í úrgangsmetakerfinu er yfirleitt mælt fyrir um forgangsröðun á því hvað teljist vera besti umhverfislegi heildarkosturinn í tengslum við löggjöf og stefnu í úrgangsmálum. Aðildarríkin ættu stuðla að notkun á endurvinnanlegum efnum í samræmi við úrgangsmetakerfið og með það að markmiði að verða endurvinnslusamfélag og ættu hvorki að styðja urðun né brennslu á slíkum endurvinnanlegum efnum hvenær sem hjá því verður komist. Sum hráefni, sem skapa litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu, geta talist vera úrgangur. Þó er enn hægt að nota þau í öðrum tilgangi sem hefði meiri forgang en endurnýting orku í úrgangsmetakerfinu sem komið er á fót með 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Því er rétt að aðildarríkin taki tilhlýðilegt tillit til meginreglunnar um úrgangsmetakerfi við allar hvetjandi ráðstafanir til stuðnings því lífoldsneyti sem skapar litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu, eða allar ráðstafanir til að lágmarka hvata til svika í tengslum við framleiðslu á slíku lífoldsneyti, þannig að hvatar til að nota slík lífoldsneytishráefni gangi ekki gegn viðleitni til að minnka úrgang eða auka endurvinnslu og skilvirka og sjálfbæra nýtingu á tiltækum tilföngum. Aðildarríkin geta tekið fram ráðstafanir, sem þau grípa til í þessu skyni, í skýrslugjöf sinni samkvæmt tilskipun 2009/28/EB.
- 16) Hækka ætti lágmarksviðmiðunarmörk fyrir minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, sem gilda um lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti sem eru framleidd í nýjum stöðvum, til að bæta heildarjöfnuð þeirra á gróðurhúsalofttegundum sem og til að hindra frekari fjárfestingar í stöðvum með litla minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda er lítil. Þessi hækkun veitir fjárfestingum í framleiðslugetu lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis vernd í samræmi við aðra undirgrein 6. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/28/EB.
- 17) Til að undirbúa umbreytinguna yfir í þróuð lífoldsneyti, og lágmarka heildaráhrifin af óbeinum breytingum á landnýtingu, er rétt að takmarka magn lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis sem er framleitt úr korni og öðrum sterkjuríkum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum og úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á landbúnaðarlandi sem aðalnytjaplöntur og fyrst og fremst sem orkugjafi, sem hægt er að taka með í útreikningana vegna markmiðanna sem sett eru fram í tilskipun 2009/28/EB án þess að takmarka heildarnotkun á slíku lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti. Í samræmi við 193. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins hefur fastsetning takmarkana á vettvangi Sambandsins ekki áhrif á þann möguleika aðildarríkjanna að kveða á um lægri mörk varðandi það magn lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis, sem er framleitt úr korni og öðrum sterkjuríkum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum og úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á landbúnaðarlandi sem aðalnytjaplöntur og fyrst og fremst sem orkugjafi, sem hægt er að taka með í útreikningana á landsvísu vegna markmiðanna sem sett eru fram í tilskipun 2009/28/EB.
- 18) Aðildarríkin ættu að hafa möguleika á að velja að beita þessum mörkum á það magn lífoldsneytis, sem er framleitt úr korni og öðrum sterkjuríkum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum og úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á landbúnaðarlandi sem aðalnytjaplöntur og fyrst og fremst sem orkugjafi, sem hægt er að taka með í útreikningana til að ná markmiðinu sem sett er fram í 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB.
- 19) Í samræmi við þá þörf að takmarka magn lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis, sem er framleitt úr korni og öðrum sterkjuríkum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum og úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á landbúnaðarlandi sem aðalnytjaplöntur og fyrst og fremst sem orkugjafi, ættu aðildarríkin að miða að því að hverfa í áföngum frá stuðningi við notkun á slíku lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti í magni sem fer yfir þessi mörk.
- 20) Takmörkun á magni lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis, sem er framleitt úr korni og öðrum sterkjuríkum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum og úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á landbúnaðarlandi sem aðalnytjaplöntur og fyrst og fremst sem orkugjafi, sem hægt er að taka með í útreikningana vegna markmiðanna sem sett eru fram í tilskipun 2009/28/EB, hefur ekki áhrif á frelsi aðildarríkjanna til fastsetja sín eigin áfangamarkmið að því er varðar að halda tilskildum hluta af hefðbundnum lífoldsneyti innan 10% heildarmarkmiðsins. Af þessu leiðir að aðgangur að markaði fyrir lífoldsneyti, sem var framleitt í stöðvum sem voru í rekstri fyrir árslok 2013, helst alveg opinn. Af þeim sökum hefur þessi tilskipun ekki áhrif á lögmætar væntingar rekstraraðila slíkra stöðva.
- 21) Bráðabirgðameðalgildi áætlaðrar losunar vegna óbeinna breytinga á landnýtingu ættu að koma fram í skýrslugjöf eldsneytisbirgja

<sup>(6)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnna tilskipana (Stjótið ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

og framkvæmdastjórnarinnar um losun gróðurhúsalofttegunda frá lífildsneyti samkvæmt tilskipun 98/70/EB sem og í skýrslugjöf framkvæmdastjórnarinnar um losun gróðurhúsalofttegunda frá lífildsneyti og fljótandi lífildsneyti samkvæmt tilskipun 2009/28/EB. Lífildsneyti úr hráefnum sem leiða ekki til aukinnar eftirspurnar eftir landi, s.s. úr hráefni úr úrgangi, ætti að fá losunarstuðulinn núll.

- 22) Áhætta á óbeinum breytingum á landnýtingu getur skapast við ræktun sérstakra nytjaplantna sem eru ekki matvæli og eru fyrst og fremst ræktaðar sem orkugjafi, á núverandi landbúnaðarlandi sem er notað til framleiðslu á matvælum og fóðri. Samanborið við nytjaplöntur í matvæli og fóður geta slíkar sérstakar nytjaplöntur, sem eru fyrst og fremst ræktaðar sem orkugjafi, engu að síður gefið af sér meiri uppskeru og geta hugsanlega stuðlað að endurheimt alvarlega hnignaðs eða mikið mengaðs lands. Þó eru upplýsingar um framleiðslu á lífildsneyti og fljótandi lífildsneyti úr slíkum sérstökum nytjaplöntum og raunveruleg áhrif þeirra á breytta landnýtingu takmarkaðar. Þess vegna ætti framkvæmdastjórnin einnig að vakta og gefa reglulega skýrslu um stöðu framleiðslu og notkunar í Sambandinu á lífildsneyti og fljótandi lífildsneyti, sem eru framleidd úr slíkum sérstökum nytjaplöntum, sem og að vakta tengd áhrif og gefa skýrslu um þau. Tilgreina ætti núverandi verkefni í Sambandinu og nota þau til að bæta upplýsingagrundvöll fyrir ítarlegri greiningu á bæði áhættu og ávinningi í tengslum við umhverfislega sjálfbærni.
- 23) Aukin uppskera í landbúnaðargeirunum vegna meiri rannsóknna, tækniþróunar og þekkingarmiðlunar umfram það sem hefðu orðið ráðandi ef framleiðnihvetjandi áætlanir varðandi lífildsneyti úr nytjaplöntum til matvæla og fóðurframleiðslu hefðu ekki verið fyrir hendi, sem og ræktun á annarri ársuppskeru á svæðum sem áður voru ekki notuð til ræktunar á annarri ársuppskeru, geta stuðlað að því að draga úr óbeinum breytingum á landnýtingu. Að því marki sem áhrif, sem af þessu leiða, til að draga úr óbeinum breytingum á landnýtingu á landsvísu eða á verkefnastigi eru mælanleg gætu ráðstafanir, sem eru innleiddar með þessari tilskipun, endurspeglad slíka aukningu á framleiðni, bæði að því er varðar minnkun á gildum áætlaðrar losunar vegna óbeinna breytinga á landnýtingu og framlag lífildsneytis úr nytjaplöntum til matvæla- og fóðurframleiðslu til hlutdeildar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í flutningum sem á að nást árið 2020.
- 24) Valfrjálsar áætlanir gegna sífellt mikilvægari hlutverki við að færa sönnur á að farið sé að kröfunum um sjálfbærni sem mælt er fyrir um í tilskipunum 98/70/EB og 2009/28/EB. Því er rétt að veita framkvæmdastjórninni umbod til að krefjast þess af valfrjálsnum áætlunum, þ.m.t. þeim sem framkvæmdastjórnin hefur þegar viðurkennt í samræmi við 6. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 6. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB, að þær gefi reglulega skýrslur um starfsemi sína. Birta ætti slíkar skýrslur opinberlega til að auka gagnsæi og bæta yfirsýn framkvæmdastjórnarinnar. Enn fremur myndi slík skýrslugjöf veita framkvæmdastjórninni nauðsynlegar upplýsingar til að gefa skýrslu um starfrækslu valfrjálsu áætlanna með það fyrir augum að tilgreina bestu starfsvenjur og, ef við á, leggja fram tillögu til að efla slíkar bestu starfsvenjur enn frekar.
- 25) Til að greiða fyrir snurdulausri starfsemi innri markaðarins þykir rétt að gera skýra grein fyrir því hvernig skilyrðin um meginregluna um gagnkvæma viðurkenningu gilda milli allra kerfa um sannpröfun á því að farið sé að viðmiðunum um sjálfbærni fyrir lífildsneyti og fljótandi lífildsneyti sem komið var á í samræmi við tilskipanir 98/70/EB og 2009/28/EB.
- 26) Góðir stjórnunarhættir og réttindatengd nálgun, sem tekur til allra mannréttinda, eru mikilvæg til að taka á matvæla- og næringaröryggi á öllum stigum og leitast ætti við að ná samræmi milli mismunandi stefnumála ef um er að ræða neikvæð áhrif á matvæla- og næringaröryggi. Í þessu samhengi skipta stjórnunarhættir og öryggi m.t.t. umráðaréttar lands og landnýtingarréttinda miklu máli. Af þeim sökum ættu aðildarríkin að virða meginreglur um ábyrgar fjárfestingar í landbúnaðar- og matvælakerfum (e. *Principles for Responsible Investment in Agriculture and Food Systems*) sem nefnd matvæla- og landbúnaðarstofnunar um fæðuöryggi í heiminum (CFS) samþykkti í október 2014. Aðildarríkin eru einnig hvött til að styðja framkvæmd valfrjálsra viðmiðunarreglna um ábyrga stjórnun á umráðarétti lands, fiskveiða og skóga í tengslum við landsbundið fæðuöryggi (e. *Voluntary Guidelines on the Responsible Governance of Tenure of Land, Fisheries and Forests in the Context of National Food Security*) sem nefnd matvæla- og landbúnaðarstofnunar um fæðuöryggi í heiminum (CFS) samþykkti í október 2013.
- 27) Þó að lífildsneyti úr nytjaplöntum til matvæla- og fóðurframleiðslu tengist almennt áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu eru einnig til undantekningar. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu að hvetja til þróunar og notkunar á kerfum sem geta sannað á áreiðanlegan hátt að tiltekið magn hráefnis í lífildsneyti, sem er framleitt í tilteknu verkefni, hafi ekki komið í stað framleiðslu í öðrum tilgangi. Þetta getur t.d. átt við ef framleiðsla lífildsneytis er jafn mikil og sú viðbótarframleiðsla sem fæst með fjárfestingum í framleiðniaukningu sem er meiri en annars hefði náðst ef slíkar framleiðnihvetjandi áætlanir hefðu ekki verið fyrir hendi, eða ef framleiðsla á lífildsneyti fer fram á landi þar sem urðu beinar breytingar á landnýtingu án umtalsverðra

neikvæðra áhrifa á fyrirliggjandi vistkerfisþjónustu sem landið skilaði af sér, þ.m.t. vernd kolefnisbirgða og líffræðileg fjölbreytni. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu að kanna þann möguleika að setja viðmiðanir um tilgreiningu og vottun á slíkum kerfum sem geta sannað á áreiðanlegan hátt að tiltekið magn hráefnis í lífeldsneyti, sem var framleitt í tilteknu verkefni, hafi ekki komið í stað framleiðslu í öðrum tilgangi en þeim að framleiða lífeldsneyti, og að slíkt lífeldsneytishráefni hafi verið framleitt í samræmi við viðmiðanir Sambandsins um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti. Einungis má telja með það magn hráefnis sem svarar til hinnar raunverulegu minnkunar á tilfærslu sem næst með kerfinu.

- 28) Rétt þykir að samræma reglur um notkun staðalgilda til að tryggja jafna meðferð fyrir framleiðendur, óháð því hvar framleiðslan fer fram. Í þriðju löndum er heimilt að nota staðalgildi en framleiðendum í Sambandinu er skylt að nota raunveruleg gildi ef þau eru hærri en staðalgildin eða ef aðildarríkið hefur ekki lagt fram skýrslu en þetta eykur stjórnsýslubyrði þeirra. Af þeim sökum ætti að einfalda gildandi reglur þannig að notkun á staðalgildum takmarkist ekki við svæði innan Sambandsins sem eru tilgreind í skránum sem um getur í 2. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/28/EB og 2. mgr. 7. gr. d í tilskipun 98/70/EB.
- 29) Vegna gildistöku sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er nauðsynlegt að samræma valdheimildirnar, sem eru veittar framkvæmdastjórninni samkvæmt tilskipunum 2009/28/EB og 98/70/EB, við 290. og 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 30) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd tilskipana 98/70/EB og 2009/28/EB ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 <sup>(7)</sup>.
- 31) Í því skyni að heimila aðlögun tilskipunar 98/70/EB að framförum á sviði tækni og vísinda ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar að bæta við áætluðum, dæmigerðum gildum og staðalgildum fyrir ferli lífeldsneytis og aðlögun á samþykktum greiningaraðferðum, sem varða forskriftir fyrir eldsneyti, og á undanþágu varðandi leyfilegan gufuþrýsting bensíns sem inniheldur lífetanól sem og að fastsetja staðalgildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda að því er varðar endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna og kolefnisföngun og notkun til flutninga.
- 32) Í því skyni að heimila aðlögun tilskipunar 2009/28/EB að framförum á sviði tækni og vísinda ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar hugsanlegar viðbætur við skrána yfir hráefni í lífeldsneyti og eldsneyti en hlutfall þeirra til markmiðsins í 4. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar ætti að teljast vera tvöfalt orkuinnihald þeirra og einnig að því er varðar að bæta við áætluðum, dæmigerðum gildum og staðalgildum fyrir ferli lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis sem og að aðlaga orkuinnihald flutningaeldsneytis, eins og sett er fram í III. viðauka við tilskipun 2009/28/EB, að framförum á sviði tækni og vísinda.
- 33) Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, við beitingu tilskipana 98/70/EB og 2009/28/EB. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhlíða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 34) Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða skilvirkni ráðstafana sem eru innleiddar með þessari tilskipun, á grundvelli bestu og nýjustu tiltæku vísindabekkingar, við að takmarka þau áhrif sem óbeinar breytingar á landnýtingu hafa á losun gróðurhúsalofttegunda og fjalla um leiðir til að lágmarka þau áhrif enn frekar.
- 35) Mikilvægt er að framkvæmdastjórnin leggi tafarlaust fram ítarlega tillögu um kostnaðarhagkvæma og tæknilega hlutlausu stefnu fyrir tímabilið eftir árið 2020 til að skapa yfirsýn til lengri tíma að því er varðar fjárfestingar í sjálfbæru lífeldsneyti sem skapa litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu og að því er varðar aðrar leiðir til að minnka kolefnislosun í flutningageiranum.

---

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjóð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- 36) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011<sup>(8)</sup> um skýringaskjöl hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta eitt eða fleiri skjöl, sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga, fylgja tilkynningu um lögleiðingarráðstafanir sínar. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.
- 37) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja innri markað fyrir eldsneyti fyrir flutninga á vegum og færanlegan vélabúnað til nota utan vega og tryggja að lágmarksumhverfisvernd sé virt við notkun þessa eldsneytis, en þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 38) Því ætti að breyta tilskipunum 98/70/EB og 2009/28/EB til samræmis við það.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Breytingar á tilskipun 98/70/EB

Tilskipun 98/70/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir bætast við í 2. gr.:

- „10. „endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna“: fljótandi eða loftkennt eldsneyti, annað en lífeldsneyti, með orkuinnihald sem kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum öðrum en lífmassa og sem er notað til flutninga,
11. „sterkjurikar nytjaplöntur“: nytjaplöntur, aðallega kornplöntur (án tillits til þess hvort eingöngu kornið eru notuð eða öll plantan, s.s. ef um er að ræða grænfóðurmaís), hnýðis- og rótarávaxtaplöntur (s.s. kartöflur, ætisólblóm, sætar kartöflur, kassava og mjólrótarhnýði) og jarðstöngullhnýðisplöntur (s.s. þerrirót),
12. „lífeldsneyti sem skapar litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu“: lífeldsneyti úr hráefni sem var framleitt samkvæmt áætlunum sem draga úr tilfærslu á framleiðslu sem hefur annan tilgang en að framleiða lífeldsneyti og sem var framleitt í samræmi við viðmiðanirnar um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti sem settar eru fram í 7. gr. b,
13. „leif frá vinnslu“: efni sem er ekki lokaafurð(ir) en sem leitast er við að framleiða beint í framleiðsluferlinu; það er ekki megintilgangurinn með vinnsluferlinu og vinnslunni hefur ekki verið breytt af ásettu ráði til að framleiða það,
14. „leifar úr landbúnaði, lagareldi, fiskveiðum og skógrækt“: leifar sem myndast beint í landbúnaði, lagareldi, fiskveiðum og skógrækt; með þeim teljast ekki leifar frá tengdum iðnaði eða vinnslu.“

2) Ákvæðum 7. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein 1. mgr.:

„Þegar um birgja fyrir lífeldsneyti til notkunar í flugi er að ræða mega aðildarríki heimila að slíkir birgjar geti kosið að leggja sitt af mörkum við minnkunarskylduna, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að lífeldsneytið uppfylli viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 7. gr. b.“

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr.:

„Í þeim tilgangi að standa við markmiðið, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, geta aðildarríkin kveðið á um það að hámarkshlutfall lífeldsneytis, sem er framleitt úr korni og öðrum sterkjurikum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum og úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á landbúnaðarlandi sem aðalnytjaplöntur og fyrst og fremst sem orkugjafi, skuli ekki fara yfir

<sup>(8)</sup> Stjótið. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

hámarkshlutfallið sem er fastsett í d-lið annarrar undirgreinar í 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/28/EB.“

c) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr. til að setja fram ítarlegar reglur um samræmda framkvæmd aðildarríkjanna á ákvæðum 4. mgr. þessarar greinar.“

d) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„6. Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja, eigi síðar en 31. desember 2017, framseldar gerðir til að fastsetja staðalgildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda, ef slík gildi hafa ekki þegar verið fastsett fyrir 5. október 2015, að því er varðar:

a) endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna,

b) kolefnisföngun og notkun til flutninga.

7. Aðildarríkin skulu tryggja, sem hluta af skýrslugjöfnum skv. 1. mgr., að eldsneytisbirgjar sendi yfirvaldinu, sem aðildarríkið tilnefni, skýrslu árlega um framleiðsluferli lífoldsneytis, magn lífoldsneytis sem er fengið úr hráefnunum eins og þau eru flokkuð í A-hluta V. viðauka og losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu, þ.m.t. bráðabirgðameðalgildið fyrir áætlaða losun frá lífoldsneyti sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þessar upplýsingar.“

3) Ákvæðum 7. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar lífoldsneytis, sem talin er með að því er varðar 1. mgr., skal vera a.m.k. 60% fyrir lífoldsneyti sem er framleitt í stöðvum [áður „orkuverum“] sem hófu starfrækslu eftir 5. október 2015. Stöð telst vera í rekstri ef raunveruleg framleiðsla á lífoldsneyti hefur átt sér stað.

Ef um er að ræða stöðvar sem voru í rekstri 5. október 2015 eða fyrir þann dag, að því er varðar 1. mgr., skal lífoldsneyti ná minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur a.m.k. 35% fram til 31. desember 2017 og a.m.k. 50% frá 1. janúar 2018.

Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar lífoldsneytis skal reiknuð í samræmi við 1. mgr. 7. gr. d.“

b) Önnur undirgrein 3. mgr. falli brott.

4) Ákvæðum 7. gr. c er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að koma upp skrá yfir upplýsingarnar, sem eru viðeigandi og skipta máli, sem um getur í fyrstu tveimur undirgreinum þessarar málsgreinar. Framkvæmdastjórnin skal einkum tryggja að upplýsingagjöfin skapi ekki óhóflega stjórnsýslubyrði fyrir rekstraraðila almennt eða, einkum, fyrir smábændur, samtök framleiðenda og samvinnufélög.“

b) Eftirfarandi undirgreinar bætast við í 5. mgr.:

„Að því er varðar valfrjálstu áætlanirnar, sem um getur í 4. mgr. („valfrjálssar áætlanir“), skal reglulega og a.m.k. einu sinni á ári birta skrá yfir vottunaraðila þeirra, sem eru notaðir til óháðrar endurskoðunar, tilgreina fyrir hvern vottunaraðila hvaða aðili eða landsbundnu opinberu yfirvöld viðurkenndu hann og hvaða aðili eða landsbundnu opinberu yfirvöld annast eftirlit með honum.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, einkum til að koma í veg fyrir svik, á grundvelli áhættugreiningar eða skýrslanna sem um getur í annarri undirgrein 6. mgr. þessarar greinar, að tilgreina kröfur um óháða endurskoðun og krefjast þess að þessum kröfum sé beitt við allar valfrjálssar áætlanir. Þetta skal gert með framkvæmdargerðum sem eru samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr. Með þeim gerðum skal fastsetja innan hvaða tímamarka þarf að koma kröfunum til framkvæmda vegna valfrjálssra áætlana. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fella úr gildi ákvarðanir þar sem valfrjálssar áætlanir eru viðurkenndar ef þessum kröfum verður ekki komið til framkvæmda vegna áætlanna innan tímamarkanna sem kveðið er á um.



c) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Ákvarðanir skv. 4. mgr. þessarar greinar skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr. Slíkar ákvarðanir skulu ekki gilda lengur en í fimm ár.

Framkvæmdastjórnin skal gera þá kröfu að eigi síðar en 6. október 2016, og eigi síðar en 30. apríl á hverju ári eftir það, verði lögð fyrir hana skýrsla vegna hverrar valfrjálstrar áætlunar, sem ákvörðun hefur verið samþykkt um skv. 4. mgr., þar sem fjallað er um alla liðina sem settir eru fram í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar. Almennt skal skýrslan fjalla um næstliðið almanaksár. Fyrsta skýrslan skal ná yfir a.m.k. sex mánuði frá 9. september 2015. Sú krafa að leggja fram skýrslu skal einungis gilda um valfrjálstar áætlanir sem hafa verið í framkvæmd í a.m.k. 12 mánuði.

Eigi síðar en 6. apríl 2017 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið með greiningu á skýrslunum, sem um getur í annari undirgrein þessarar greinar, endurskoðun á beitingu samninganna, sem um getur í 4. mgr., eða valfrjálsum áætlunum sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við þessa grein, og tilgreina bestu starfsvenjur. Skýrslan skal byggð á bestu, tiltækum upplýsingum, þ.m.t. að höfðu samráði við hagsmunaaðila, og á hagnýtri reynslu af beitingu viðkomandi samninga eða áætlana. Í skýrslunni skal greina eftirfarandi:

almennt:

- a) sjálfstæði, fyrirkomulag og tíðni endurskoðana, bæði í tengslum við það sem kom fram um þessa þætti í áætlunargögnunum þegar framkvæmdastjórnin samþykkti viðkomandi áætlun og í tengslum við bestu starfsvenjur í atvinnugreininni,
- b) tiltækileiki, reynsla af og gagnsæi við beitingu aðferða til að greina og taka á því ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum, einkum með tilliti til þess að taka á aðstæðum þar sem um er að ræða alvarleg brot af hálfu aðila að áætluninni eða fullyrðingum um slíkt,
- c) gagnsæi, einkum í tengslum við aðgengi að áætluninni, tiltækileika þýðinga á tungumál þeirra landa og svæða sem hráefnin koma frá, aðgengi að skrá yfir vottaða rekstraraðila og viðeigandi vottorð og aðgengi að skýrslum endurskoðenda,
- d) aðild hagsmunaaðila, einkum að því er varðar samráð við upprunaleg samfélög og nærsamfélög áður en ákvörðun er tekin, meðan gerð draga og endurskoðun áætlunarinnar stendur yfir sem og við endurskoðanir, og viðbrögð við tillögum þeirra,
- e) traustleiki áætlunarinnar í heild sinni, einkum m.t.t. reglna um faggildingu, hæfi og óhæði endurskoðenda og viðkomandi aðila að áætluninni,
- f) markaðsuppfærslur á áætluninni, magn hráefna og lífeldsneytis sem er vottað eftir upprunalandi og tegund, fjöldi þátttakenda,
- g) hversu auðvelt og skilvirkt er að koma í framkvæmd kerfi til að rekja sannanirnar fyrir að farið sé að viðmiðununum um sjálfbærni sem áætlunin veitir aðila eða aðilum að henni; slíkt kerfi er ætlað sem úrræði til að koma í veg fyrir sviksamlegt athæfi, einkum með það í huga að greina, meðhöndla og fylgja eftir grun um svik og aðrar misfellur og, eftir því sem við á, fjölda tilvika þar sem svik eða misfellur greinast,

og einkum:

- h) möguleikar aðila á að fá heimild til að viðurkenna og hafa eftirlit með vottunaraðilum,
- i) viðmiðanir varðandi viðurkenningu eða faggildingu vottunaraðila,
- j) reglur um það hvernig eftirlit með vottunaraðilum á að fara fram,
- k) leiðir til að greiða fyrir eða bæta eflingu bestu starfsvenja.

Aðildarríki er heimilt að tilkynna framkvæmdastjórninni um landsáætlun sína. Framkvæmdastjórnin skal setja mat á slíkri áætlun í forgang. Ákvörðun um það hvort slík landsáætlun, sem tilkynnt er um, er í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þessari tilskipun skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 11. gr., til að greiða fyrir gagnkvæmri tvíhliða og marghliða viðurkenningu á áætlunum um sannprófun á því að farið sé að viðmiðunum um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti. Áætlanir sem er komið á í samræmi við þessa grein skulu ekki hafna gagnkvæmri viðurkenningu vegna áætlana þess aðildarríkis, sé ákvörðunin jákvæð, að því er varðar sannprófun á því að farið sé að viðmiðunum um sjálfbærni sem settar eru fram í 2. til 5. mgr. í 7. gr. b.“

d) Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

„8. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, rannsaka beitingu 7. gr. b að því varðar uppruna lífoldsneytis og ákveða, innan sex mánaða frá móttöku beiðni og í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr., hvort hlutaðeigandi aðildarríki megi telja með lífoldsneyti af þeim uppruna að því er varðar 7. gr. a.“

5) Ákvæðum 7. gr. d er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3., 4. og 5. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Heimilt er að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun landbúnaðarhráefna, sem kemur fram í skýrslunum sem um getur í 2. mgr., ef um er að ræða aðildarríki, og, ef um er að ræða yfirráðasvæði utan Sambandsins, í skýrslum sem eru jafngildar og þær sem um getur í 2. mgr. og sem þar til bærir aðilar taka saman.

4. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið með framkvæmdargerð, sem er samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr., að skýrslurnar, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, innihaldi nákvæm gögn til að mæla losun gróðurhúsalofttegunda, að því er varðar 2. mgr. í 7. gr. b, sem tengist ræktun hráefna í lífoldsneyti sem er alla jafna framleitt á þessum svæðum.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2012 og á tveggja ára fresti eftir það, taka saman og birta skýrslu um áætluð dæmigerð gildi og staðalgildi í B- og E-hluta IV. viðauka þar sem sérstaklega er hugað að losun frá flutningum og vinnslu.

Ef skýrslurnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, sýna að e.t.v. þurfi að aðlaga áætluðu dæmigerðu gildin og staðalgildin í B- og E-hluta IV. viðauka á grundvelli nýjustu vísindapekkingar skal framkvæmdastjórnin, eins og við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið.“

b) Ákvæði 6. mgr. falli brott.

c) Í stað fyrstu, annarrar og þriðju undirgreinar 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Framkvæmdastjórnin skal hafa IV. viðauka í endurskoðun með það í huga, í rökstuddum tilvikum, að bæta við gildum fyrir frekari framleiðsluferli lífoldsneytis fyrir sömu eða önnur hráefni. Í eftirlitinu skal einnig taka tillit til breytingar á aðferðinni, sem mælt er fyrir um í C-hluta IV. viðauka, einkum að því er varðar:

— aðferð við að taka úrgang og efnaleifar með í útreikningum,

—aðferð við að taka aukaafurðir með í útreikningum,

—aðferð við að taka samvinnslu raf- og varmaorku með í útreikningum og

—þá stöðu sem leifar nytjaplantna fá sem aukaafurðir.

Staðalgildin fyrir lífdísilólíu úr úrgangsjurta- eða dýraolíu skulu endurskoðuð eins fljótt og mögulegt er. Ef komist er að þeirri niðurstöðu við endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar að bæta skuli við IV. viðauka skal framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir skv. 10. gr. a til að bæta við áætluðum dæmigerðum gildum og staðalgildum í A-, B-, D- og E-hluta IV. viðauka, en ekki til að fjarlægja þau eða breyta þeim, fyrir lífoldsneytisferla sem enn hafa ekki verið skráð sérstök gildi fyrir í þann viðauka.“

d) Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

„8. Ef nauðsyn krefur, til að tryggja samræmda beitingu 9. liðar C-hluta IV. viðauka, er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem settar eru fram ítarlegar tækniforskriftir og skilgreiningar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr.“

6) Í stað 2. mgr. í 7. gr. e komi eftirfarandi:

„2. Skýrslur framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins sem um getur í 7. gr. b (7. mgr.), 7. gr. c (2. mgr.), 7. gr. c (9. mgr.), og 7. gr. d (4. og 5. mgr.) ásamt skýrslunum og upplýsingunum sem lagðar eru fram skv. 7. gr. c (fyrstu og fimmtu undirgrein 3. mgr.) og 7. gr. d (2. mgr.) skal útbúa og senda í samræmi við bæði tilskipun 2009/28/EB og þessa tilskipun.“

7) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með því að kröfum 3. og 4. gr. sé fullnægt að því er varðar bensín og díseldsneyti, á grundvelli greiningaraðferðanna sem um getur I. og II. viðauka, eftir því sem við á.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Eigi síðar en 31. ágúst ár hvert skulu aðildarríkin leggja fram skýrslu með landsbundnum gögnum um gæði eldsneytis á næstliðnu almanaksári. Framkvæmdastjórnin skal koma á sameiginlegu sniði fyrir framlagningu landsbundinnar samantektar um gæði eldsneytis með framkvæmdargerð sem er samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr. Fyrstu skýrslunni skal skilað eigi síðar en 30. júní 2002. Frá og með 1. janúar 2004 skal skýrslan sniðin eftir lýsingunni í viðkomandi Evrópustaðli. Aðildarríkin skulu auk þess gera grein fyrir heildarmagni bensíns og díseldsneytis, sem er sett á markað á yfirráðasvæðum þeirra, og magni blýlauss bensíns og díseldsneytis, sem er sett á markað, með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg. Aðildarríkin skulu enn fremur gefa skýrslu árlega um framboð af bensíni og díseldsneyti, sem er sett á markað á yfirráðasvæði þeirra og hefur brennisteinsinnihald að hámarki 10 mg/kg, á stöðum sem hafa hæfilega jafna landfræðilega dreifingu.“

8) Í stað 3. mgr. í 8. gr. a komi eftirfarandi:

„3. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, með hliðsjón af mati sem er framkvæmt með því að nota prófunaraðferðina sem um getur í 1. mgr., að endurskoða takmarkið fyrir innihald metýlsýklópentadienýlmangantríkarbónýls í eldsneyti, sem tilgreint er í 2. mgr., á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar að nýrri löggjöf.“

9) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 9. gr.:

k) framleiðsluferla, magns og vistferils losunar gróðurhúsalofttegunda fyrir hverja orkueiningu lífildsneytis sem er notað í Sambandinu, þ.m.t. bráðabirgðameðalgildin fyrir áætlaða losun sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu og tengd mörk sem eru leidd út frá næmisgreiningunni eins og sett er fram í V. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal gera gögn um bráðabirgðameðalgildi fyrir áætlaða losun sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu og tengd mörk sem eru leidd út frá næmisgreiningunni aðgengileg öllum.“

10) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Tilhögun við aðlögun á heimiluðum greiningaraðferðum og undanþágur varðandi heimilaðan gufuþrýsting“

b) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir skv. 10. gr. a að því marki sem nauðsynlegt er til að aðlaga heimilaðar greiningaraðferðir til að tryggja samræmi við alla viðeigandi Evrópustaðla sem um getur í I. eða II. viðauka. Einnig skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 10. gr. a til að aðlaga undanþágur varðandi heimilaðan gufuþrýsting í kPa fyrir etanólinnihald bensíns, eins og sett er fram í III. viðauka, innan þeirra takmarka sem fastsett eru í fyrstu undirgrein 4. mgr. 3. gr. Slíkar framseldir gerðir hafa ekki áhrif á undanþágur sem eru veittar skv. 4. mgr. 3. gr.“

11) Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. a

**Beiting framsals**

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
  2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 7. gr. a (6. mgr.), 7. gr. d (7. mgr.) og 10. gr. (1. mgr.), í fimm ár frá 5. október 2015.
  3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valdsins sem um getur í 7. gr. a (6. mgr.), 7. gr. d (7. mgr.) og 10. gr. (1. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
  4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
  5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 7. gr. a (6. mgr.), 7. gr. d (7. mgr.) og 10. gr. (1. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins, eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“
- 12) Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

#### **Nefndarmeðferð**

1. Að undanskildum þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndarinnar um gæði eldsneytis. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (\*).
2. Í málum er varða sjálfbærni lífelsesneytis skv. 7. gr. b, 7. gr. c og 7. gr. d skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndarinnar um sjálfbærni lífelsesneytis og fljótandi lífelsesneytis sem um getur í 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2009/28/EB. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndir ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.“

(\*)Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- 13) Ákvæðum IV. viðauka er breytt og V. viðauki bætist við í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

#### **Breytingar á tilskipun 2009/28/EB**

Tilskipun 2009/28/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liðir bætast við aðra undirgrein 2. gr.:

- „p) „úrgangur“: eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (\*); efni sem hefur verið breytt af ásetningi eða menguð til að þau uppfylli þá skilgreiningu falla ekki undir þessa skilgreiningu,
- q) „sterkjurikar nytjaplöntur“: nytjaplöntur, aðallega kornplöntur (án tillits til þess hvort eingöngu kornin eru notuð eða öll plantan, s.s. ef um er að ræða grænfóðurmaís), hnýðis- og rótarávaxtaþlöntur (s.s. kartöflur, ætisólblóm, sætar kartöflur, kassava og mjólrótarhnýði) og jarðstöngulhnýðisþlöntur (s.s. þerrirót),
- r) „lignósellulósaeefni“: efni sett saman úr ligníni, sellulósa og hálfsellulósa s.s. lífmassi fenginn úr skógum, viðarkenndum orkublöntum og leifar og úrgangur frá iðnaði sem byggir á skógafurðum,
- s) „sellulósaeefni sem eru ekki matvæli“: hráefni sem eru aðallega sett saman úr sellulósa og hálfsellulósa og innihalda minna af ligníni en lignósellulósaeefni; þarna á meðal eru leifar nytjaplantna til matvæla- og fóðurframleiðslu (s.s. hálmur, blöð og stönglar, klíð og hýði), graskenndar orkublöntur sem innihalda lítið af sterkju (s.s. rýgresistegundir, hríshirsi, filagras, risareyr og þekjuplöntur ræktaðar á undan og eftir aðalnytjaplöntum), leifar úr iðnaði (þ.m.t. af nytjaplöntum til matvæla- og

fóðurframleiðslu eftir að jurtaoliur, sykur, sterkja og prótín hafa verið dregin út) og efni úr lifúrgangi,

- t) „leif frá vinnslu“: efni sem er ekki lokaafurð(ir) en sem leitast er við að framleiða beint í framleiðsluferlinu; það er ekki megintilgangurinn með vinnsluferlinu og vinnslunni hefur ekki verið breytt af ásettu ráði til að framleiða það,
- u) „endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna“: fljótandi eða loftkennt eldsneyti, annað en lífaldsneyti, með orkuinnihald sem kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum öðrum en lífmassa og sem er notað til flutninga,
- v) „leifar úr landbúnaði, lagareldi, fiskveiðum og skógrækt“: leifar sem myndast beint í landbúnaði, lagareldi, fiskveiðum og skógrækt; með þeim teljast ekki leifar frá tengdum iðnaði eða vinnslu,
- w) „lífaldsneyti og fljótandi lífaldsneyti sem skapa litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu“: lífaldsneyti og fljótandi lífaldsneyti úr hráefni sem var framleitt samkvæmt áætlunum sem draga úr tilfærslu á framleiðslu sem hefur annan tilgang en að framleiða lífaldsneyti og fljótandi lífaldsneyti og sem var framleitt í samræmi við viðmiðanirnar um sjálfbærni fyrir lífaldsneyti og fljótandi lífaldsneyti sem settar eru fram í 17. gr.“

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

## 2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

### a) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr.:

„Í þeim tilgangi að standa við markmiðin sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal sameiginlegt hámarksframlag frá lífaldsneyti og fljótandi lífaldsneyti, sem er framleitt úr korni og öðrum sterkjurikum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum og úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á landbúnaðarlandi sem aðalnytjaplöntur og fyrst og fremst sem orkugjafi, ekki vera meira en það orkumagn sem samsvarar hámarksframlaginu sem sett er fram í d-lið 4. mgr.“

### b) Ákvæðum annarrar undirgreinar 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

- a) við útreikning á nefnarunum, þ.e.a.s. heildarorkunotkun í flutningum, að því er varðar fyrstu undirgrein, skal aðeins taka tillit til bensins, dísilolíu, lífaldsneytis, sem notað er í flutningum á vegum og með járnbrautum, og raforku, þ.m.t. raforkunotkun fyrir framleiðslu á endurnýjanlegu fljótandi og loftkenndu flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna,“

ii. Eftirfarandi málslíður bætist við í b-lið:

„Þessi líður skal vera með fyrirvara um d-lið þessarar málsgreinar og a-lið 1. mgr. 17. gr.“

iii. Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) við útreikning á framlagi raforku, sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum og notuð er í öllum gerðum rafknúinna ökutækja og við framleiðslu á endurnýjanlegu fljótandi og loftkenndu flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna, að því er varðar a- og b-lið, geta aðildarríkin valið að nota annaðhvort meðalhlutdeild raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í Sambandinu eða hlutdeild raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í sínu eigin landi, eins og hún var mæld tveimur árum fyrir árið sem um er að ræða. Við útreikning á notkun raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum vegna rafvæðra járnbrautarflutninga skal sú notkun ennfremur teljast vera 2,5 sinnum orkuinnihald raforkuútlagsins frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Við útreikning á notkun raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum vegna rafknúinna ökutækja til aksturs á vegum í b-lið skal sú notkun ennfremur teljast vera 5 sinnum orkuinnihald raforkuútlagsins frá endurnýjanlegum orkugjöfum.“

iv. Eftirfarandi líður bætist við:

„d) við útreikning á lífaldsneyti í teljarunum skal hlutdeild orku frá lífaldsneyti, sem er framleitt úr korni og öðrum sterkjurikum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum og úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á landbúnaðarlandi sem aðalnytjaplöntur og fyrst og fremst sem orkugjafi, ekki vera meira en 7% af endanlegri notkun orku í flutningum í aðildarríkjunum árið 2020.“

Lífaldsneyti, sem er framleitt úr hráefnum sem eru talin upp í IX. viðauka, skal ekki teljast með í takmörkuninni sem sett er fram í fyrstu undirgrein þessa liðar.

Aðildarríkin geta ákveðið að hlutdeild orku frá lífaldsneyti, sem er framleitt úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á

landbúnaðarlandi sem aðalnytjaplöntur og fyrst og fremst sem orkugjafi, öðrum en korni og öðrum sterkjurikum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum, teljist ekki með í takmörkuninni sem sett er fram í fyrstu undirgrein þessa liðar að því tilskildu að:

- i. sannprófun á því að farið sé að viðmiðunum um sjálfbærni, sem settar eru fram í 2. til 5. mgr. 17. gr., hafi verið framkvæmd í samræmi við 18. gr. og
  - ii. þessar nytjaplöntur hafi verið ræktaðar á landi sem fellur undir 8. lið C-hluta V. viðauka og samsvarandi viðbót „eB“, sem sett er fram í 7. lið C-hluta V. viðauka, var tekin með í útreikningum á losun gróðurhúsalofttegunda í þeim tilgangi að sýna fram á samræmi við 2. mgr. 17. gr.
- e) hvert aðildarríki skal leitast við að ná markmiðinu um lágmarksnotkun á lífoldsneyti, sem er framleitt úr hráefnum og öðru eldsneyti sem eru talin upp í A-hluta IX. viðauka, á yferráðasvæði sínu. Í þeim tilgangi skal hvert aðildarríki fastsetja landsbundin markmið, eigi síðar en 6. apríl 2017, sem það skal leitast við að ná. Viðmiðunargildi vegna þessa markmiðs er að 0,5 prósentustig orkuinnihalds í hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í öllum tegundum flutninga árið 2020 verði úr lífoldsneyti sem er framleitt úr hráefnum og öðru eldsneyti sem eru talin upp í A-hluta IX. viðauka. Auk þess má taka lífoldsneyti úr hráefnum sem ekki eru talin upp í IX. viðauka, sem lögbær landsyfirvöld ákváðu að væri úrgangur, leifar, sellulósaefni sem eru ekki matvæli, eða lignósellulósaefni og eru notuð í stöðvum sem fyrir eru áður en tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 (\*) er samþykkt, með í útreikningana vegna landsbundinna markmiða.

Aðildarríkin geta fastsett landsbundið markmið, sem er lægra en viðmiðunargildið 0,5 prósentustig, á grundvelli eftirfarandi ástæðu eða ástæðna:

- i. hlutlægra markmiða, s.s. takmarkaðra möguleika til sjálfbærrar framleiðslu á lífoldsneyti sem er framleitt úr hráefnum og öðru eldsneyti sem eru talin upp í A-hluta IX. viðauka, eða takmarkaðs framboðs á markaði af slíku lífoldsneyti á kostnaðarhagkvæmu verði,
- ii. sérstakra tæknilegra eða loftslagstengdra eiginleika landsbundins markaðs fyrir flutningaeldsneyti, s.s. samsetningar og ástands ökutækjaflokkans eða
- iii. landsbundinnar stefnu um úthlutun samsvarandi fjármagns til að hvetja til orkunýtni og notkunar á rafmagni frá endurnýjanlegum orkugjöfum í flutningum.

Þegar aðildarríkin fastsetja landsbundin markmið sín skulu þau veita tiltækar upplýsingar um magn lífoldsneytis, sem er notað, úr hráefnum og öðru eldsneyti sem eru talin upp í A-hluta IX. viðauka.

Þegar aðildarríkin setja sér stefnu um að stuðla að framleiðslu á eldsneyti úr hráefnum sem eru talin upp í IX. viðauka skulu þau taka tilhlýðilegt tillit til úrgangsmetakerfisins, sem komið er á fót með 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB, þ.m.t. ákvæða í þeirri grein sem varða hugsun um áhrif alls vistferilsins á myndun og stjórnun mismunandi úrgangsstrauma.

Framkvæmdastjórnin skal birta, í samræmi við 24. gr. þessarar tilskipunar:

—landsbundin markmið aðildarríkjanna,

—áætlanir aðildarríkjanna til að ná landsbundnum markmiðum, liggi þær fyrir,

—eftir atvikum, ástæður fyrir því að landsbundin markmið aðildarríkjanna víkja frá viðmiðunargildinu sem tilkynnt er um í samræmi við 2. mgr. 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/1513 og

—samantektarskýrslu um árangur aðildarríkjanna við að ná landsbundnum markmiðum sínum,

- f) lífoldsneyti, sem er framleitt úr hráefnum sem eru talin upp í IX. viðauka, skal teljast hafa tvöfalt orkuinnihald í þeim tilgangi að standa við markmiðið sem sett er fram í fyrstu undirgrein.“

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 frá 9. september 2015 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og díseldsneytis og um breytingu á tilskipun 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjtið. ESB L 239, 15.9.2015, bls. 1)

- c) Í stað þriðju undirgreinar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„Ef við á skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 31. desember 2017, leggja fram tillögu sem heimilar, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að öll raforka sem upprunnin er frá endurnýjanlegum orkugjöfum og notuð er til að knýja allar gerðir rafknúinna ökutækja, og við framleiðslu á endurnýjanlegu fljótandi og loftkenndu flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna, verði talin með.“

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Með það fyrir augum að lágmarka áhættu á að tilkall verði gert oftar en einu sinni til stakra sendinga í Sambandinu skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin leitast við að styrkja samstarf milli landsbundinna kerfa og milli landsbundnu kerfanna og valfrjálsra áætлана, sem er komið á fót skv. 18. gr., þ.m.t. gagnaskipti eftir því sem við á. Til að koma í veg fyrir að efnun sé breytt af ásetningi eða fleygt til að þau falli undir IX. viðauka skulu aðildarríkin hvetja til þróunar og notkunar á kerfum sem finna og rekja feril hráefna og lífildsneyta úr þeim í allri verðmætakeðjunni. Aðildarríkin skulu tryggja að gripið sé til viðeigandi aðgerða ef svik koma í ljós. Ef aðildarríkin hafa ekki gefið jafngildar upplýsingar um áreiðanleika og vörn gegn svikum í skýrslum sínum um framfarir við að stuðla að og nota orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem eru teknar saman í samræmi við d-lið 1. mgr. 22. gr., skulu þau gefa skýrslu um þær ráðstafanir sem þau hafa gert eigi síðar en 31. desember 2017 og á tveggja ára fresti eftir það.

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 25. gr. a til að breyta skránni yfir hráefni í A-hluta IX. viðauka í því skyni að bæta hráefnum við hana en ekki til að fjarlægja þau. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja aðskilda, framselda gerð að því er varðar hvert hráefni sem skal bæta við skrána í A-hluta IX. viðauka. Hver framseld gerð skal byggjast á greiningu á nýjustu framförum á sviði tækni og vísinda, að teknu tilhlýðilegu tilliti til meginreglunnar um úrgangsmetakerfið sem komið var á fót með tilskipun 2008/98/EB, og styðja þá niðurstöðu að hráefnið sem um er að ræða skapi ekki viðbótareftirspurn eftir landi né heldur valdi það verulegum áhrifum til röskunar á markaði fyrir (auka)afurðir, úrgang eða leifar, að það valdi verulegri minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda samanborið við jarðefnaeldsneyti og valdi ekki áhættu á að það skapist neikvæð áhrif á umhverfið og á líffræðilega fjölbreytni.“

3) Í stað 5. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 25. gr. a sem varða aðlögun á orkuinnihaldi eldsneytis til flutninga, eins og sett er fram í III. viðauka, að framförum á sviði vísinda og tækni.“

4) Í stað 1. og 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin geta komist að samkomulagi og gert ráðstafanir um tölfræðilegan flutning tiltekins magns orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum frá einu aðildarríki til annars aðildarríkis. Magnið sem flutt er skal:

a) dregið frá því magni orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem tekið er með í útreikningum við mælingu á því hvort aðildarríkið, sem framkvæmir flutninginn, fari að kröfum 1., 2. og 4. mgr. 3. gr. og

b) bætt við það magn orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem tekið er með í útreikningum við mælingu á því hvort annað aðildarríki, sem tekur á móti flutningnum, fari að kröfum 1., 2. og 4. mgr. 3. gr.

2. Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að því er varðar 1., 2. og 4. mgr. 3. gr., geta varað í eitt ár eða lengur. Þær skulu tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok hvers árs sem þær eru í gildi. Upplýsingarnar sem sendar er framkvæmdastjórninni skulu innihalda magn og verð á þeirri orku sem um ræðir.“

5) Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar lífildsneytis og fljótandi lífildsneytis, sem talin eru með að því er varðar 1. mgr., skal vera a.m.k. 60% fyrir lífildsneyti og fljótandi lífildsneyti sem eru framleidd í stöðvum sem hófu starfrækslu eftir 5. október 2015. Stöð telst vera í rekstri ef raunveruleg framleiðsla á lífildsneyti eða fljótandi lífildsneyti hefur átt sér stað.

Ef um er að ræða stöðvar sem voru í rekstri 5. október 2015 eða fyrir þann dag, að því er varðar 1. mgr., skulu lífildsneyti og fljótandi lífildsneyti ná minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur a.m.k. 35% fram til 31. desember 2017 og a.m.k.

50% frá 1. janúar 2018.

Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis skal reiknuð í samræmi við 1. mgr. 19. gr.“

b) Önnur undirgrein 3. mgr. falli brott.

6) Ákvæðum 18. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 25. gr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að koma upp skrá yfir upplýsingarnar, sem eru viðeigandi og skipta máli, sem um getur í fyrstu tveimur undirgreinum þessarar málsgreinar. Framkvæmdastjórnin skal einkum tryggja að upplýsingagjöfin skapi ekki óhóflega stjórnsýslubrýði fyrir rekstraraðila almennt eða, einkum, fyrir smábændur, samtök framleiðenda og samvinnufélög.“

b) Í stað annars undirliðar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að valfrjálssar landsbundnar eða alþjóðlegar áætlanir, sem setja staðla um framleiðslu lífmassaafurða, innihaldi nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 17. gr. og/eða sýni fram á að sendingar af lífoldsneyti eða fljótandi lífoldsneyti uppfylli viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 3. til 5. mgr. 17. gr. og/eða að engum efnum hafi verið breytt af ásetningi eða þeim fleygt til að sendingin eða hluti hennar myndi falla undir IX. viðauka Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að þessar áætlanir innihaldi nákvæm gögn að því er varðar upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru til að varðveita svæði sem veita grundvallarvistkerfisþjónustu við aðstæður sem miklu máli skipta (s.s. verndun vatnasvæða og takmörkun jarðvegseyðingar), til að vernda jarðveg, vatn og andrúmsloft, til að endurheimta hnignað land, til að koma í veg fyrir óhóflega vatnsnotkun á svæðum þar sem vatn er af skornum skammti og vegna atriðanna sem um getur í annarri undirgrein 7. mgr. 17. gr. Framkvæmdastjórnin getur líka viðurkennt verndarsvæði vistkerfa eða tegunda sem eru sjaldgæfar, er ógnað eða eru í útrýmingarhættu, alþjóðasamningar hafa viðurkennt eða tilgreind eru í skráum milliríkjastofnana eða Alþjóðanáttúruverndarsambandsins að því er varðar ii. lið b-liðar 3. mgr. 17. gr.“

c) Eftirfarandi undirgreinar bætist við í 5. mgr.:

„Að því er varðar valfrjálssu áætlanirnar, sem um getur í 4. mgr. („valfrjálssar áætlanir“), skal reglulega og a.m.k. einu sinni á ári birta skrá yfir vottunaraðila þeirra, sem eru notaðir til óháðrar endurskoðunar, tilgreina fyrir hvern vottunaraðila hvaða aðili eða landsbundnu opinberu yfirvöld viðurkenndu hann og hvaða aðili eða landsbundnu opinberu yfirvöld annast eftirlit með honum.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, einkum til að koma í veg fyrir svik, á grundvelli áhættugreiningar eða skýrslanna sem um getur í annarri undirgrein 6. mgr. þessarar greinar, að tilgreina kröfur um óháða endurskoðun og krefjast þess að þessum kröfum sé beitt við allar valfrjálssar áætlanir. Þetta skal gert með framkvæmdargerðum sem eru samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 25. gr. Með þeim gerðum skal fastsetja innan hvaða tímamarka þarf að koma kröfunum til framkvæmda vegna valfrjálssra áætlana. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fella úr gildi ákvarðanir þar sem valfrjálssar áætlanir eru viðurkenndar ef þessum kröfum verður ekki komið til framkvæmda vegna áætlanna innan tímamarkanna sem kveðið er á um“.

d) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Ákvarðanir skv. 4. mgr. þessarar greinar skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 25. gr. Slíkar ákvarðanir skulu ekki gilda lengur en í fimm ár.

Framkvæmdastjórnin skal gera þá kröfu að eigi síðar en 6. október 2016 og eigi síðar en 30. apríl á hverju ári eftir það verði lögð fyrir hana skýrsla í tengslum við hverja valfrjálssu áætlun, sem ákvörðun hefur verið samþykkt um skv. 4. mgr., þar sem fjallað er um alla liðina sem settir eru fram í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar. Almennt skal skýrslan fjalla um næstliðið almanaksár. Fyrsta skýrslan skal ná yfir a.m.k. sex mánuði frá 9. september 2015. Sú krafa að leggja fram skýrslu skal einungis gilda um valfrjálssar áætlanir sem hafa verið í framkvæmd í a.m.k. 12 mánuði.

Eigi síðar en 6. apríl 2017, og eftir það sem hluta af skýrslum sínum í samræmi við 3. mgr. 23. gr., skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið með greiningu á skýrslunum, sem um getur í 4. mgr., eða valfrjálssum áætlunum, sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við þessa grein, og tilgreina bestu starfsvenjur. Skýrslan skal byggð á bestu, tiltækum upplýsingum, þ.m.t. að höfðu samráði við hagsmunaaðila, og á hagnýtri reynslu af beitingu viðkomandi samninga eða áætlana. Í skýrslunni skal greina



eftirfarandi:

almennt:

- a) sjálfstæði, fyrirkomulag og tíðni endurskoðana, bæði í tengslum við það sem kom fram um þessa þætti í áætlunargögnunum þegar framkvæmdastjórnin samþykkti viðkomandi áætlun og í tengslum við bestu starfsvenjur í atvinnugreininni,
- b) tiltækileiki, reynsla af og gagnsæi við beitingu aðferða til að greina og taka á því ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum, einkum með tilliti til þess að taka á aðstæðum þar sem um er að ræða alvarleg brot af hálfu aðila að áætluninni eða fullyrðingum um slíkt,
- c) gagnsæi, einkum í tengslum við aðgengi að áætluninni, tiltækileika þýðinga á tungumál þeirra landa og svæða sem hráefnin koma frá, aðgengi að skrá yfir vottaða rekstraraðila og viðeigandi vottorð og aðgengi að skýrslum endurskoðenda,
- d) aðild hagsmunaaðila, einkum að því er varðar samráð við upprunaleg samfélög og nærsamfélög áður en ákvörðun er tekin, meðan gerð draga og endurskoðun áætlunarinnar stendur yfir sem og við endurskoðanir, og viðbrögð við tillögum þeirra,
- e) traustleiki áætlunarinnar í heild sinni, einkum m.t.t. reglna um faggildingu, hæfi og óhæði endurskoðenda og viðkomandi aðila að áætluninni,
- f) markaðsuppfærslur á áætluninni, magn hráefna og lífoldsneytis sem er vottað eftir upprunalandi og tegund, fjöldi þátttakenda,
- g) hversu auðvelt og skilvirkt er að koma í framkvæmd kerfi til að rekja sannanir fyrir að farið sé að viðmiðunum um sjálfbærni sem áætlunin veitir aðila eða aðilum að henni; slíkt kerfi er ætlað sem úrræði til að koma í veg fyrir sviksamlegt athæfi, einkum með það í huga að greina, meðhöndla og fylgja eftir grun um svik og aðrar misfellur og, eftir því sem við á, fjölda tilvika þar sem svik eða misfellur greinast,

og einkum:

- h) möguleikar aðila á að fá heimild til að viðurkenna og hafa eftirlit með vottunaraðilum,
- i) viðmiðanir varðandi viðurkenningu eða faggildingu vottunaraðila,
- j) reglur um það hvernig eftirlit með vottunaraðilum á að fara fram,
- k) leiðir til að greiða fyrir eða bæta eflingu bestu starfsvenja.

Framkvæmdastjórnin skal gera skýrslurnar, sem teknar eru saman í tengslum við valfrjálsu áætlanirnar, aðgengilegar í samanteknu formi eða að fullu, ef við á, á upplýsingavettvangnum sem um getur í 24. gr.

Aðildarríki er heimilt að tilkynna framkvæmdastjórninni um landsáætlun sína. Framkvæmdastjórnin skal setja mat á slíkri áætlun í forgang. Ákvörðun um það hvort slík landsáætlun, sem tilkynnt er um, er í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þessari tilskipun skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 25. gr., til að greiða fyrir gagnkvæmri tvíhliða og marghliða viðurkenningu á áætlunum um sannprófun á því að farið sé að viðmiðunum um sjálfbærni fyrir lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti. Áætlanir sem er komið á í samræmi við þessa grein skulu ekki hafna gagnkvæmri viðurkenningu vegna áætlana þess aðildarríkis, sé ákvörðunin jákvæð, að því er varðar sannprófun á því að farið sé að viðmiðunum um sjálfbærni sem settar eru fram í 2. til 5. mgr. í 17. gr.“

- e) Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

„8. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, rannsaka beitingu 17. gr. að því varðar uppruna lífoldsneytis og ákveða, innan sex mánaða frá móttöku beiðni og í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 25. gr., hvort hlutaðeigandi aðildarríki megi telja með lífoldsneyti af þeim uppruna að því er varðar 1. mgr. 17. gr.“

- 7) Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3., 4. og 5. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Heimilt er að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun landbúnaðarhráefna, sem kemur fram í skýrslunum sem um getur í 2. mgr., ef um er að ræða aðildarríki, og, ef um er að ræða yfirráðasvæði utan Sambandsins, í skýrslum sem eru jafngildar og þær sem um getur í 2. mgr. og sem þar til bærir aðilar taka saman.

4. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið með framkvæmdargerð, sem er samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 25. gr., að skýrslurnar, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, innihaldi nákvæm gögn til að mæla losun gróðurhúsalofttegunda, að því er varðar 2. mgr. 17. gr., sem tengist ræktun hráefnis í lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti sem er alla jafna framleitt á þessum svæðum.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2012 og á tveggja ára fresti eftir það, taka saman og birta skýrslu um áætluð dæmigerð gildi og staðalgildi í B- og E-hluta V. viðauka þar sem sérstaklega er hugað að losun frá flutningum og vinnslu.

Ef skýrslurnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, sýna að e.t.v. þurfi að aðlaga áætluðu dæmigerðu gildin og staðalgildin í B- og E-hluta V. viðauka á grundvelli nýjustu vísindabekkingar skal framkvæmdastjórnin, eins og við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið.“

b) Ákvæði 6. mgr. falli brott.

c) Í stað fyrstu, annarrar og þriðju undirgreinar 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Framkvæmdastjórnin skal hafa V. viðauka í endurskoðun með það í huga, í rökstuddum tilvikum, að bæta við gildum fyrir frekari framleiðsluferli lífoldsneytis fyrir sömu eða önnur hráefni. Í eftirlitinu skal einnig taka tillit til breytingar á aðferðinni, sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka, einkum að því er varðar:

- aðferð við að taka úrgang og efnaleifar með í útreikningum,
- aðferð við að taka aukaafurðir með í útreikningum,
- aðferð við að taka samvinnslu raf- og varmaorku með í útreikningum og
- þá stöðu sem leifar nytjaplantna fá sem aukaafurðir.

Staðalgildin fyrir lífdísilólú úr úrgangsjurta- eða dýraolíu skulu endurskoðuð eins fljótt og mögulegt er. Ef komist er að þeirri niðurstöðu við endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar að bæta skuli við V. viðauka skal framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir skv. 25. gr. a til að bæta við áætluðum dæmigerðum gildum og staðalgildum í A-, B-, D- og E-hluta V. viðauka, en ekki til að fjarlægja þau eða breyta þeim, fyrir ferla lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis sem enn hafa ekki verið skráð sérstök gildi fyrir í þann viðauka.“

d) Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

„8. Ef nauðsyn krefur, til að tryggja samræmda beitingu 9. liðar C-hluta V. viðauka, er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem settar eru fram ítarlegar tækniforskriftir og skilgreiningar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 25. gr.“

8) Ákvæði 21. gr. falli brott.

9) Ákvæðum annarrar undirgreinar 1. mgr. 22. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað i-liðar komi eftirfarandi:

i) Þróun og hlutdeild lífoldsneytis, sem búið er til úr hráefnum sem eru talin upp í IX. viðauka, þ.m.t. mat á úrræðum með áherslu á þætti sem varða sjálfbærni sem tengjast áhrifum af því þegar framleiðsla á matvæla- og fôðurafurðum er skipt út fyrir framleiðslu á lífoldsneyti, að teknu tilhlýðilegu tilliti til meginreglunnar um úrgangsmetakerfið sem komið var á fót með tilskipun 2008/98/EB og meginreglunnar um þrepanýtingu lífmassa (e. *biomass cascading principle*), að teknu tilliti til

svæðisbundinna og staðbundinna efnahagslegra og tæknilegra aðstæðna, viðhalds á nauðsynlegum kolefnisbirgðum í jarðvegi og gæða jarðvegs og vistkerfis,“

b) Eftirfarandi liður bætist við:

o) magn lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis í orkueiningum, sem svarar til hvers flokks af hráefnahópum sem eru taldir upp í A-hluta VIII. viðauka, sem viðkomandi aðildarríki telur með í þeim tilgangi að standa við markmiðin sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. 3. gr. og í fyrstu undirgrein 4. mgr. 3. gr.“.

10) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Síðasti málsliður 1. mgr. falli brott.

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Við skýrslugjöf um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis skal framkvæmdastjórnin nota magnið sem aðildarríkin tilkynna um í samræmi við o-lið 1. mgr. 22. gr., þ.m.t. bráðabirgðameðalgildi fyrir áætlaða losun sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu og tengd mörk sem eru leidd út frá næmisgreiningunni eins og sett er fram í VIII. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal gera gögn um bráðabirgðameðalgildi fyrir áætlaða losun sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu, og tengd mörk sem eru leidd út frá næmisgreiningunni, aðgengileg öllum. Auk þess skal framkvæmdastjórnin meta hvort og hvernig mat á minnkun á beinni losun myndi breytast ef gerð væri grein fyrir aukaafurðum með því að nota staðgöngunálgun.“

c) Í stað e- og f-liðar 5. mgr. komi eftirfarandi:

e) tiltækileika og sjálfbærni lífeldsneytis, sem búið er til úr hráefnum sem eru talin upp í IX. viðauka, þ.m.t. mat á áhrifum af því þegar framleiðslu á matvæla- og fôðurafurðum er skipt út fyrir framleiðslu á lífeldsneyti, að teknu tillýðilegu tilliti til meginreglunnar um úrgangsmetakerfið sem komið var á fót með tilskipun 2008/98/EB og meginreglunnar um þrepanýtingu lífmassa, að teknu tilliti til svæðisbundinna og staðbundinna efnahagslegra og tæknilegra aðstæðna, viðhalds á nauðsynlegum kolefnisbirgðum í jarðvegi og gæða jarðvegs og vistkerfis,

f) upplýsingar um og greiningar á tiltækum niðurstöðum úr vísindarannsóknnum, sem varða óbeinar breytingar á landnýtingu í tengslum við alla framleiðsluferla, og þeim skal fylgja mat á því hvort hægt sé að þrengja óvissubilið, sem fram kom í greiningunni sem liggur til grundvallar mati á losun sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu, og hvort hægt sé að taka möguleg áhrif af stefnu Sambandsins, s.s. umhverfis-, loftslags- og landbúnaðarstefnu, með í reikninginn og

g) tækniþróun og tiltækileika gagna um notkun á og efnahagsleg og umhverfisleg áhrif af lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti sem er framleitt í Sambandinu úr sérstökum nytjaplöntum sem eru ekki matvæli og eru fyrst og fremst ræktaðar sem orkugjafi.“

d) Í stað b-liðar fyrstu undirgreinar 8. mgr. komi eftirfarandi:

b) að því er varðar markmiðin sem um getur í 4. mgr. 3. gr., endurskoðun:

i. á kostnaðarhagkvæmni ráðstafananna sem á að hrinda í framkvæmd til að ná markmiðunum,

ii. á mati á hagkvæmni þess að ná markmiðunum en tryggja jafnframt sjálfbærni framleiðslu lífeldsneytis í Sambandinu og í þriðju löndum og að teknu tilliti til hagrænna, umhverfislegra og félagslegra áhrifa, þ.m.t. óbein áhrif og áhrif á líffræðilega fjölbreytni, auk framboðs annarrar kynslóðar lífeldsneytis á markaði,

iii. á áhrifum af framkvæmd markmiðanna um framboð matvæla á viðráðanlegu verði,

iv. á framboði raforku- og vetnisknúinna ökutækja og blendingsökutækja á markaði auk þeirrar aðferðar sem valin hefur verið til að reikna út hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem notuð er í flutningageiranum,

v. á mati á sérstökum markaðsaðstæðum, einkum að teknu tilliti til markaða þar sem eldsneyti til flutninga er meira en helmingur af endanlegri orkunotkun og markaða sem eru alfarið háðir innfluttu lífeldsneyti,“

11) Í stað 25. gr. komi eftirfarandi:

„25. gr.

### Nefndarmeðferð

1. Að undanskildum þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndarinnar um endurnýjanlega orkugjafa. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (\*).
2. Í málum er varða sjálfbærni lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndarinnar um sjálfbærni lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndir ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.“

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

12) Eftirfarandi grein bætist við:

„25 gr. a

### Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 3. gr. (5. mgr.), 5. gr. (5. mgr.) og 19. gr. (7. mgr.) í fimm ár frá 5. október 2015.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal þess valds sem um getur í 3. gr. (5. mgr.), 5. gr. (5. mgr.) og 19. gr. (7. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún jafnframt tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. gr. (5. mgr.) 5. gr. (5. mgr.) og 19. gr. (7. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins, eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

13) Ákvæðum V. viðauka er breytt og VIII. og IX. viðauki bætist við í samræmi við II. viðauka við þessa tilskipun.

3. gr.

### Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2016, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið með mati á tiltækileika nauðsynlegs magns af kostnaðarhagkvæmu lífoldsneyti úr hráefnum sem ekki þarf landsvæði fyrir, og nytjaplöntum sem eru ekki matvæli, á markaði Sambandsins fram til ársins 2020, og á umhverfislegum, efnahagslegum og félagslegum áhrif af því, þ.m.t. þörf fyrir viðbótarmarkmið til að tryggja sjálfbærni þess, og á bestu tiltæku vísindapekkingu um losun gróðurhúsalofttegunda, sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu, í tengslum við framleiðslu á lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti. Ef við á skulu tillögur um frekari ráðstafanir fylgja skýrslunni, að teknu tilliti til efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2017, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið með endurskoðun, á grundvelli bestu og nýjustu tiltæku vísindabekkingar, á:

- a) skilvirkni ráðstafananna sem eru innleiddar með þessari tilskipun við að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda, sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu, í tengslum við framleiðslu á lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti. Að því er þetta varðar skulu einnig koma fram í skýrslunni nýjustu, tiltæku upplýsingar að því er varðar lykilforsendur sem hafa áhrif á niðurstöður úr reiknilíkönunum um losun gróðurhúsalofttegunda vegna óbeinna breytinga á landnýtingu, í tengslum við framleiðslu á lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti, þ.m.t. mæld þróun afraksturs og framleiðni í landbúnaði, úthlutun til aukaafurða og hnattrænar breytingar á landnýtingu og hraða skógeyðingar sem hafa komið í ljós og möguleg áhrif af stefnu Sambandsins, s.s. umhverfis-, loftslags- og landbúnaðarstefnu, og með þátttöku hagsmunaaðila í endurskoðunarferlinu,
- b) árangri af hvötum sem veittir eru fyrir lífeldsneyti úr hráefnum sem ekki þarf landsvæði fyrir og nytjaplöntum sem eru ekki matvæli, skv. 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/28/EB, þ.m.t. hvort búist er við að notkun í Sambandinu sem heild, í öllum tegundum flutninga árið 2020, af hlutdeild orkuinnihalds úr lífeldsneyti sem framleitt úr hráefnum og úr öðru eldsneyti sem er talið sem er talið upp í A-hluta IX. viðauka, sé 0,5 prósentustig
- c) áhrifum aukinnar eftirspurnar eftir lífmassa á þá geira þar sem lífmassi er notaður,
- d) möguleika á að setja viðmiðanir til að greina og votta lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti, sem skapa litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu, sem eru framleidd í samræmi við viðmiðanir um sjálfbærni sem settar eru fram í tilskipunum 98/70/EB og 2009/28/EB með það fyrir augum að uppfæra V. viðauka við tilskipanir 98/70/EB og 2009/28/EB, ef við á,
- e) hugsanlegum efnahagslegum og umhverfislegum ávinningum og áhættu við aukna framleiðslu og notkun á sérstökum nytjaplöntum sem eru ekki matvæli og eru fyrst og fremst ræktaðar sem orkugjafi, einnig með því að nota gögn sem tengjast verkefnum sem fyrir eru,
- f) hlutdeild lífetanóls og lífdísilolíu á markaði Sambandsins og hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í bensíni. Framkvæmdastjórnin skal einnig leggja mat á þá drifkrafta sem hafa áhrif á hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í bensíni sem og á allar hindranir við nýtingu. Matið skal ná yfir kostnað, eldsneytisstaðla, innviði og loftslagsskilyrði. Ef við á er framkvæmdastjórninni heimilt að leggja fram tilmæli um það hvernig eigi að yfirstíga hvers kyns hindranir sem koma í ljós, og
- g) ákvörðun á hvaða aðildarríki hafa valið að beita takmörkuninni á magni lífeldsneytis, sem er framleitt úr korni og öðrum sterkjuríkum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum og úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á landbúnaðarlandi sem aðalnytjaplöntur og fyrst og fremst sem orkugjafi, til að ná markmiðinu sem sett er fram í 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB og hvort komið hafa upp ágreiningsefni við framkvæmd eða við að ná markmiðinu sem sett er fram í 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB. Framkvæmdastjórnin skal einnig meta að hvaða marki lífeldsneyti, sem er framleitt úr korni og öðrum sterkjuríkum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum og úr nytjaplöntum sem eru ræktaðar á landbúnaðarlandi sem aðalnytjaplöntur og fyrst og fremst sem orkugjafi, er afhent til að uppfylla markmiðið, sem sett er fram í 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB, umfram það magn sem getur stuðlað að því að markmiðin í tilskipun 2009/28/EB náist. Matið skal ná yfir úttekt á áhrifum óbeinna breytinga á landnýtingu og kostnaðarhagkvæmni þeirrar nálgunar sem aðildarríkin nota.

Í skýrslunni skal einnig, ef við á, veita upplýsingar um tiltækileika fjármögnunar og annarra ráðstafana til að styðja framþróun til að ná því að orkuinnihald hlutdeildar lífeldsneytis, sem er framleitt úr hráefnum og úr öðru eldsneyti sem eru talin upp í A-hluta IX. viðauka, verði 0,5 prósentustig af hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í öllum tegundum flutninga í Sambandinu eins fljótt og hægt er, ef það er tæknilega mögulegt og fjárhagslega hagkvæmt.

Skýrslunni, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu fylgja, ef við á, tillögur að nýrri löggjöf, sem byggjast á bestu, tiltæku vísindabekkingu, til að

- a) innleiða stuðla fyrir aðlagð mat á losun, sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu, í viðeigandi viðmiðanir um sjálfbærni sem settar eru fram í tilskipunum 98/70/EB og 2009/28/EB,
  - b) innleiða frekari ráðstafanir sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir og berjast gegn svikum, þ.m.t. viðbótarráðstafanir sem grípa skal til á vettvangi Sambandsins,
  - c) efla sjálfbær lífeldsneyti eftir 2020 á tæknilega hlutlausan hátt í tengslum við loftslags- og orkurammann fram til ársins 2030.
3. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á í ljósi skýrslna um valfrjálsu áætlanirnar í samræmi við aðra undirgrein 6. mgr. 7. gr. c í

tilskipun 98/70/EB og aðra undirgrein 6. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB, leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið um að breyta ákvæðum þessara tilskipana sem tengjast valfrjálsum áætlunum með það fyrir augum að stuðla að bestu starfsvenjum.

4. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 10. september 2017. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Á sama tíma skulu aðildarríkin upplýsa framkvæmdastjórnina um landsbundin markmið sín, sem eru fastsett í samræmi við e-lið 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/28/EB, og eftir því sem við á, um hvort landsbundin markmið þeirra víkja frá viðmiðunargildinu sem þar er getið um og ástæður fyrir því.

Á árinu 2020 skulu aðildarríkin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þann árangur sem þau hafa náð í átt að landsbundnum markmiðum sínum, sem eru fastsett í samræmi við e-lið 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/28/EB, og tilgreina ástæður fyrir því ef einhverju er ábótavant.

5. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 9. september 2015.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins, Fyrir hönd ráðsins,*

M. SCHULZ

*forseti*

N. SCHMIT

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 98/70/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 7. liðar í C-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„7. Losun á ársgrundvelli frá breytingum á kolefnisbirgðum sem orsakast af breytingum á landnýtingu,  $e_i$ , skal reiknuð með því að skipta heildarlosun jafnt á 20 ár. Eftirfarandi reglu skal beitt við útreikning á þessari losun:

$$e_i = (CS_R - CS_A) \times 3,664 \times 1/20 \times 1/P - e_B, (*)$$

þar sem

$e_i$  = losun gróðurhúsalofttegunda á ársgrundvelli frá breytingum á kolefnisbirgðum sem orsakast af breytingum á landnýtingu (mæld sem massi (grömm) koltvísýringsjafngildis á einingu lífildsneytisorku (MJ)), Líta skal á „ræktarland“(\*\*) og „ræktarland fyrir fjölæra ræktun“(\*\*) sem eina landnýtingu,

$CS_R$  = kolefnisbirgðir á flatareiningu sem er tengd viðmiðunarlandnýtingunni (mældar sem massi (tonn) kolefnis á flatareiningu, þ.m.t. bæði jarðvegur og gróður). Viðmiðunarlandnýtingin skal vera landnýtingin í janúar 2008 eða 20 árum áður en hráefnið var fengið og skal síðari dagsetningin gilda,

$CS_A$  = kolefnisbirgðir á flatareiningu sem er tengd raunverulegu landnýtingunni (mældar sem massi (tonn) kolefnis á flatareiningu, þ.m.t. bæði jarðvegur og gróður). Í þeim tilvikum sem kolefnisbirgðir safnast upp í meira en eitt ár skal gildið sem gefið er  $CS_A$  vera áætlaðar birgðir á flatareiningu eftir 20 ár eða þegar nytjaplönturnar eru fullvaxnar og skal fyrri dagsetningin gilda,

$P$  = framleiðni nytjaplantnanna (mæld sem magn orku frá lífildsneyti á flatareiningu á ári) og

$e_B$  = viðbót sem nemur 29 gCO<sub>2eq</sub>/MJ fyrir lífildsneyti ef lífmassinn er fenginn af endurheimtu, hnignuðu landi samkvæmt skilyrðunum sem kveðið er á um í 8. lið.“

(\*)Hlutfallið sem fæst með því að deila í mólþyngd koltvísýrings (44,010 g/mól) með mólþyngd kolefnis (12,011 g/mól) jafngildir 3,664.

(\*\*) Ræktarland eins og það er skilgreint af milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar.

(\*\*\*) Fjölær ræktun er skilgreind sem fjölærar nytjaplöntur með stofn sem er yfirleitt ekki skorinn á hverju ári, s.s. kjarrviður með stuttan skiptiræktunartíma og olíupálmi.

2) Eftirfarandi viðauki bætist við:

„V. VIÐAUKI

A-hluti Bráðabirgðamat á losun sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu vegna lífildsneytis (gCO<sub>2eq</sub>/MJ)(<sup>†</sup>)

Hráefnishópur	Meðaltal (*)	Bil milli hundraðshluta (e. <i>interpercentile range</i> ) er leitt út frá næmisgreiningunni (**)
Korn og aðrar sterkjuríkar nytjaplöntur	12	8 til 16

Sykur	13	4 til 17
Olíujurtir	55	33 til 66

(\*) Meðalgildin sem hér koma fram sýna vegið meðaltal einstakra hráefnisgilda í líkani.

(\*\*) Styrkbilið sem hér kemur fram endurspeglar 90% af niðurstöðunum með notkun gilda 5. og 95. hundraðshlutamarks sem fæst með greiningunni. 5. hundraðshlutamark bendir til gildis sem er hærra en 5% af athuguninum (þ.e. 5% af heildargögnum sem voru notuð sýndu niðurstöður undir 8, 4, og 33 gCO<sub>2</sub>eq/MJ). 95. hundraðshlutamark bendir til gildis sem er hærra en 95% af athuguninum (þ.e. 5% af heildargögnum sem voru notuð sýndu niðurstöður yfir 16, 17, og 66 gCO<sub>2</sub>eq/MJ).

B-hluti. Lífildsneyti með áætlaða losun vegna óbeinna breytinga á landnýtingu sem telst núll

Lífildsneyti sem er framleitt úr eftirfarandi hráefnaflokkum telst vera með áætlaða losun upp á núll vegna óbeinna breytinga á landnýtingu:

- 1) hráefni sem eru ekki talin upp í A-hluta þessa viðauka.
- 2) hráefni sem framleiðsla á hefur leitt til beinna breytinga á landnýtingu, þ.e. breytingu úr einum af eftirtöldum landgerðarflokkum milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar; skóglendi, graslendi, votlendi, byggð eða annað land, yfir í ræktarland eða fjölært ræktarland (\*\*). Í slíkum tilvikum skal vera búið að reikna út losunargildi vegna beinna breytinga á landnýtingu (e<sub>i</sub>) í samræmi við 7. lið C-hluta IV. viðauka.

(<sup>+</sup>) Meðalgildin sem hér er greint frá sýna vegið meðaltal einstakra hráefnisgilda í líkani. Stærð gildanna í viðaukanum er viðkvæm fyrir ýmsum forsendum (s.s. meðhöndlun á aukaafurðum, þróun á afrakstri, kolefnisbirgðum og tilfærslu á öðrum vörum) sem eru notaðar í efnahagslíkönunum sem eru þróuð fyrir matið á þeim. Þó að afleiðingin sé sú að ekki er hægt að lýsa á fullnægjandi hátt óvissubílinu sem tengist slíku mati var framkvæmd næmisgreining á niðurstöðunum, sem byggðist á handahófskenndum breytileika lykilmæliphátta, svokölluð Monte Carlo-greining.

(<sup>++</sup>) Fjölær ræktun er skilgreind sem fjölærar nytjaplöntur með stofn sem er yfirleitt ekki skorinn á hverju ári, s.s. kjarrviður með stuttan skiptiræktunartíma og olíupálmi.“

## II. VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 2009/28/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 7. liðar í C-hluta V. viðauka komi eftirfarandi:

„7. Losun á ársgrundvelli frá breytingum á kolefnisbirgðum sem orsakast af breytingum á landnýtingu, e<sub>i</sub>, skal reiknuð með því að skipta heildarlosun jafnt á 20 ár. Eftirfarandi reglu skal beitt við útreikning á þessari losun:

$$e_i = (CS_R - CS_A) \times 3,664 \times 1/20 \times 1/P - e_{B, (*)}$$

þar sem

e<sub>i</sub> = losun gróðurhúsalofttegunda á ársgrundvelli frá breytingum á kolefnisbirgðum sem orsakast af breytingum á landnýtingu (mæld sem massi (grömm) koltvísýringsjafngildis á einingu lífildsneytis- eða fljótandi lífildsneytisorku (MJ)), Líta skal á „ræktarland“(\*\*) og „ræktarland fyrir fjölæra ræktun“ (\*\*\*) sem eina landnýtingu,

CS<sub>R</sub> = kolefnisbirgðir á flatareiningu sem er tengd viðmiðunarlandnýtingunni (mældar sem massi (tonn) kolefnis á flatareiningu, þ.m.t. bæði jarðvegur og gróður). Viðmiðunarlandnýtingin skal vera landnýtingin í janúar 2008 eða 20 árum áður en hráefnið var fengið og skal síðari dagsetningin gilda,

CS<sub>A</sub> = kolefnisbirgðir á flatareiningu sem er tengd raunverulegu landnýtingunni (mældar sem massi (tonn) kolefnis á flatareiningu, þ.m.t. bæði jarðvegur og gróður). Í þeim tilvikum sem kolefnisbirgðir safnast upp í meira en eitt ár skal gildið sem gefið er CS<sub>A</sub> vera áætlaðar birgðir á flatareiningu eftir 20 ár eða þegar nytjaplönturnar eru fullvaxnar og skal fyrri dagsetningin gilda,



P = framleiðni nytjaplantnanna (mæld sem magn orku frá lífoldsneyti eða fljótandi lífoldsneyti á flatareiningu á ári) og

e<sub>B</sub> = viðbót sem nemur 29 gCO<sub>2eq</sub>/MJ fyrir lífoldsneyti eða fljótandi lífoldsneyti ef lífmassinn er fenginn af endurheimtu, hnignuðu landi samkvæmt skilyrðunum sem kveðið er á um í 8. lið.“

(\*)Hlutfallið sem fæst með því að deila í mólþyngd koltvísýrings (44,010 g/mól) með mólþyngd kolefnis (12,011 g/mól) jafngildir 3,664.

(\*\*)Ræktarland eins og það er skilgreint af milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar.

(\*\*\*)Fjölær ræktun er skilgreind sem fjölærar nytjaplöntur með stofn sem er yfirleitt ekki skorinn á hverju ári, s.s. kjarrviður með stuttan skiptiræktunartíma og olíupálmi.

2) Eftirfarandi viðauki bætist við:

### „VIII. VIÐAUKI

A-hluti Bráðabirgðamat á losun sem fylgir óbeinum breytingum á landnýtingu vegna lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis (gCO<sub>2eq</sub>/MJ)<sup>(†)</sup>

Hráefnishópur	Meðaltal (*)	Bil milli hundraðshluta er leitt út frá næmisgreiningunni (**)
Korn og aðrar sterkjuríkar nytjaplöntur	12	8 til 16
Sykur	13	4 til 17
Olíujurtir	55	33 til 66

(\*) Meðalgildin sem hér koma fram sýna vegið meðaltal einstakra hráefnisgilda í líkani.

(\*\*) Styrkbilið sem hér kemur fram endurspeglar 90% af niðurstöðunum með notkun gilda 5. og 95. hundraðshlutamarks sem fæst með greiningunni. 5. hundraðshlutamark bendir til gildis sem er hærra en 5% af athugunum (þ.e. 5% af heildargögnum sem voru notuð sýndu niðurstöður undir 8, 4, og 33 gCO<sub>2eq</sub>/MJ). 95. hundraðshlutamark bendir til gildis sem er hærra en 95% af athugunum (þ.e. 5% af heildargögnum sem voru notuð sýndu niðurstöður yfir 16, 17, og 66 gCO<sub>2eq</sub>/MJ).

B-hluti. Lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti með áætlaða losun vegna óbeinna breytinga á landnýtingu sem telst núll

Lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti sem eru framleidd úr eftirfarandi hráefnaflokkum teljast vera með áætlaða losun upp á núll vegna óbeinna breytinga á landnýtingu:

1) hráefni sem eru ekki talin upp í A-hluta þessa viðauka.

2) hráefni sem framleiðsla á hefur leitt til beinna breytinga á landnýtingu, þ.e. breytingu úr einum af eftirtöldum landgerðarflokkum milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar: skóglendi, graslendi, votlendi, byggð eða annað land, yfir í ræktarland eða fjölært ræktarland <sup>(††)</sup>. Í slíkum tilvikum skal vera búið að reikna úr losunargildi vegna beinna breytinga á landnýtingu (e<sub>i</sub>) í samræmi við 7. lið C-hluta V. viðauka.

<sup>(†)</sup> Meðalgildin sem hér er greint frá sýna vegið meðaltal einstakra hráefnisgilda í líkani. Stærð gildanna í viðaukanum er viðkvæm fyrir ýmsum forsendum (s.s. meðhöndlun á aukaafurðum, þróun á afrakstri, kolefnisbirgðum og tilfærslu á öðrum vörum) sem eru notaðar í efnahagslíkönunum sem eru þróuð fyrir matið á þeim. Þó að afleiðingin sé sú að ekki er hægt að lýsa á fullnægjandi hátt óvissubílinu sem tengist slíku mati var framkvæmd næmisgreining á niðurstöðunum, sem byggðist á handahófskenndum breytileika lykilmælípátta, svokölluð Monte Carlo-greining.

<sup>(††)</sup> Fjölær ræktun er skilgreind sem fjölærar nytjaplöntur með stofn sem er yfirleitt ekki skorinn á hverju ári, s.s. kjarrviður með stuttan skiptiræktunartíma og olíupálmi.“

3) Eftirfarandi viðauki bætist við:

„IX. VIÐAUKI

A-hluti Hráefni og eldsneyti, en framlag þeirra til markmiðsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr. 3. gr., skulu teljast vera tvöfalt orkuinnihald þeirra.

- a) Þörungar, ef þeir eru ræktaðir á landi í tjörnum eða í ljósræktunartönkum (e. *photobioreactor*).
- b) Lífmassahluti úr blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi en ekki flokkuðu húsasorpi sem fellur undir endurvinnslumarkmið skv. a-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB.
- c) Lífúrgangur, eins og hann er skilgreindur í 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, frá einkaheimilum með fyrirvara um sérstaka söfnun eins og skilgreint er í 11. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar.
- d) Lífmassahluti úr iðnaðarúrgangi, sem er ekki hæfur til notkunar í matvæla- eða fódurferlið, þ.m.t. efni úr heildsölu- og smásöluíðnaðinum, efni sem fellur til í matvælaíðnaði í landbúnaðargeiranum og í fiskvinnslustöðvum og í lagareldisíðnaðinum, að undanskildum hráefnum sem eru talin upp í B-hluta þessa viðauka.
- e) Hálmur.
- f) Húsdýraáburður og skólpeðja.
- g) Frárænnli frá pálmaolíuverksmiðjum og tómir klasar olíupálmaaldina.
- h) Furuolíubik.
- i. Óunnið glýserín.
- j) Kraminn sykurreyr.
- k) Þrúguhrat og vindreggjár.
- l) Hnetuskurn.
- m) Klíð.
- n) Kólfar sem búið er að hreinsa máskornið af.
- o) Lífmassahluti úr úrgangi og leifar úr skógrækt og iðnaði sem byggir á skógafurðum, t.d. börkur, greinar, grisjaður viður sem ekki hefur verið settur í sölu, lauf, nálar, trjátoppur, sag, spænir, svartlútur, brúnlútur, trefjaeðja, lignín og furuolía.
- p) Önnur sellulósaefni sem eru ekki matvæli, eins og skilgreint er í s-lið annarrar málsgreinar 2. gr.
- q) Annað lignósellulósaefni eins og skilgreint er í r-lið annarrar málsgreinar 2. gr., að undanskildum sögunar- og spónabolum.
- r) Endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna.
- s) Kolefnisföngun og notkun til flutninga, ef orkugjafinn er endurnýjanlegur í samræmi við a-lið annarrar málsgreinar 2. gr.
- t) Bakteríur, ef orkugjafinn er endurnýjanlegur í samræmi við a-lið annarrar málsgreinar 2. gr.

B-hluti. Hráefni, en framlag þess til markmiðsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr. 3. gr., skal teljast vera tvöfalt orkuinnihald þess:

- a) Notuð olía til matargerðar.
- b) Dýrafita sem flokkast í 1. og 2. flokk í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 (\*).

(\*)Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtið ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).“